REGLUGERÐ

26
9. júní

um

hundahald í Ísafjarðarkaupstað.

1. gr.

Enginn má halda hunda á Ísafirði, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar.

Skyldur er hver hundaeigandi að hafa helsi á hundum sínum með áletruðu Í. S. og tölu. Bæjarsjóður útvegar merkisspjöldin, en lögreglustjóri afhendir þau eigendum hundanna, gegn greiðslu andvirðis þeirra, sem rennur í bæjarsjóð.

Hver hundur sem haldinn er í heimildarleysi, eða ekki ber fyrirskipað helsi, eða ekki fylgir utanbæjarmanni, er réttdræpur, ef eigandi hirðir hann ekki og greiðir áfallinn kostnað innan viku eftir að hundurinn hefir verið auglýstur.

2. gr.

Skylt er lögreglustjórninni að hafa sérstakt eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga á hausti hverju samkvæmt því, sem mælt er fyrir í reglugerð bæjarins um lækningu hunda af bandormum.

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 krónum, er renna í bæjarsjóð.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórnin á Ísafirði hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. júní 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.